

**Ed.**

**315. Frumvarp til laga**

[154. mál]

um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

**1. gr.**

**3. gr. laganna orðist svo:**

Nú er beiðst þinglýsingar á skjali, er varðar afhending eigna, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og er eigi sannað, að leyfis sé aflað. Skal þá synja þinglýsingar, uns sönnur eru færðar á að leyfi sé veitt.

**2. gr.**

Orðin „borist skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt“ í upphafi 4. gr. sömu laga falli brott.

**3. gr.**

**4. gr. 2. málsg. orðist svo:**

Ákvörðun sinni um þetta efni lætur ráðherra þinglýsa á varnarþingi fasteignar svo fljótt sem unnt er.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í því frv. er reynt að sporna við því, að skjölum sé þinglýst með því að rita á þau athugasemdir um agnúa, sem eru á þeim. Er lagt til í frv. þessu, að lögum nr. 19/1966 verði breytt til samræmis við þær tillögur, sem felast í framangreindu þinglýsingalagafrumvarpi.